

Nd.

248. Frumvarp til laga

um leigunám veitingasala o. fl. á Hótel Borg í Reykjavík til veizlufagnaðar á lýðveldishátíðinni.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Ólafur Thors, Eysteinn Jónsson, Einar Olgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi til veizlufagnaðar að kvöldi 18. júní 1944 í tilefni lýðveldisstofnunar á Íslandi afnot veitingasala allra á Hótel Borg í Reykjavík, neðstu hæð, með húsgögnum öllum, svo og afnot eldhúss og annarra þeirra herbergja á hæðinni, er nota þarf í þessu skyni, ásamt eldhúsáhöldum, borðbúnaði og öðrum nauðsynlegum munum. Um framkvæmd leigunáms þessa skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmissalirnir á Hótel Borg verða að teljast einu húsakynnin, sem hæf eru til þess fyrir stærðar sakir að halda í fyrirhugaða veizlu ríkisstjórnarinnar 18. júní næstk. í tilefni lýðveldisstofnunarinnar. En vegna ágreinings við félag hljóðfæraleikara er ekki unnt að hafa hljóðfæraleik í veizlunni, nema sú leið sé farin, sem í frv. greinir, að ríkisstjórnin taki leigunámi afnot nauðsynlegra húsakynna í gisti-húsinu o. fl. í þessu skyni þennan dag, sem veizlan á að standa.